

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík - Borgartún 21.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 1998 samþykkt breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Borgartún frá 19. október 1993 hvað varðar lóðina Borgartún 21.

Breytingar: Í stað vöruflutningamiðstöðvar á lóðinni komi skrifstofu- og ráðstefnuhús. Um er að ræða þriggja, fjögurra og fimm hæða hús. Hús Vöruflutningamiðstöðvarinnar verður rífið en skrifstofuhús og geymsluskýli á austurhluta lóðarinnar ásamt skýli meðfram norðurlóðarmörkum munu standa og gert ráð fyrir þriðju hæðinni á skrifstofuhúsið.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi og fellir jafnframt úr gildi áður staðfest deiliskipulag frá 19. október 1993.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skiplagsstjóri.

2. desember 1998

Nr. 747

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi skilgreining sem orðast svo:

Lindarvatn: vatn sem berst sjálfrennandi upp á yfirborð jarðar, í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Átappað lindarvatn skal uppfylla þau skilyrði um örverufræðilega þætti, merkingar umbúða og búnað sem notaður er, sem tilgreind eru í 3. tl. 4. gr., 5. gr., 2. og 3. tl. 10. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 390/1995 um ölkelduvatn, með síðari breytingum. Óheimilt er að meðhöndla lindarvatn með öðrum aðferðum en þeim sem tilgreindar eru í 6. gr. reglugerðar nr. 390/1995, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ef átappað vatn er merkt sem lindarvatn skal það leitt í leiðslu frá uppsprettustað til átöppunarhúsnæðis.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 26. tl. XII. kafla, II. viðauka, tilskipunar nr. 96/70/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.